

Alþingi
Erindi nr. P 135/1647
komudagur 3.3.2008



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
BK/eeg/08/0396

DAGSETNING
03.03.2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt, 325. mál, breyting ýmissa laga.

Með bréfi efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 13. febrúar 2008, var óskað eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins um frumvarp til laga um tekjuskatt, 325. mál, breyting ýmissa laga. Af þessu tilefni er send svofelld

u m s ö g n

Í frumvarpinu eru lagðar til tvíþættar breytingar, annars vegar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, að því er varðar meðferð söluhagnaðar lögaðila á hlutabréfum, og hins vegar breyting á ýmsum skattalögum vegna skattalegrar umsýslu stærri fyrirtækja

I. Skattaleg meðferð söluhagnaðar lögaðila á hlutabréfum.

Æskilegt er að reglur skattaréttar séu eins einfaldar og skýrar og kostur er. Frestunarreglur eins og þær sem nú gilda um söluhagnað hlutabréfa geta út frá sjónarmiði skattframkvæmdar, ekki síst skatteftirlits og - rannsókna valdið vandkvæðum í framkvæmd með því að skattlagning er ekki bundin við afmarkað framtalsár heldur krefst þess að rekja þarf viðskipti og skattlagningu yfir lengri tíma. Þær breytingar sem felast í umræddu frumvarpi ættu að leiða til einföldunar á þeim reglum og þar með styrkari skattframkvæmdar. Er það og sér í lagi æskilegt í ljósi þess að áætlað er að hagnaður af sölu hlutabréfa í álögðum tekjuskatti lögaðila sé hverfandi.

Svo sem greinir í athugasemdum við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir að reglurnar taki til sameignarféлага, samlagsféлага og einstaklinga í atvinnurekstri. Getur það hugsanlega haft í för með sér frekari fjölgun einkahlutaféлага frá því sem nú er.

II. Skattaumsýsla stórfyrirtækja.

Með aukinni útrás og alþjóðavæðingu íslenskra fyrirtækja er nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld hafi yfir að ráða þeirri þekkingu sem slíkt kallar á, ekki síst á sviði skattaréttar þar sem alþjóðlegar reglur eru oft á tíðum flóknar. Er nauðsynlegt að þeim mannafla sem skattyfirvöld hafa yfir að ráða sé þannig fyrirkomið að hann nýtist sem best og sérþekking myndist þar sem hennar er nauðsyn. Fyrirhugaðar breytingar ættu hvort tveggja að geta leitt til



betri þjónustu skattyfirvalda og um leið styrkja alla skattframkvæmd, jafnt álagningu sem eftirlit.

Mælt er með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Bryndís Kristjánsdóttir,
skattrannsóknarstjóri